

Fimmtudaginn 12. nóvember 1992.

Nr. 163/1990. **Bjarni Friðriksson og
Bragi Sveinsson**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Othar Örn Petersen hrl.).

Varnir í víxilmáli. Vixilmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1990. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur báru fram þá varnarástæðu í héraði, að stefndi hefði ekki eignast þann víxil, sem kröfur hans byggjast á, með lögmætri heimild og gæti því ekki átt aðild að innheimtu hans fyrir dómi. Slíka varnarástæðu má hafa uppi í víxilmáli samkvæmt a-lið 1. mgr. 208. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú a-lið 1. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmenn aðila hafa fjallað um þessa varnarástæðu í flutningi málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og málið er að fullu skýrt, að því er hana varðar. Við svo búið þykir eftir atvikum rétt að leggja efnisdóm á málið í Hæstarétti.

II.

Aðilar málsins eru sammála um það, hvernig til hafi staðið að verja andvirði hins umrædda víxils. Í fyrsta lagi átti að greiða upp andvirði víxils, er Úlfar Rafnsson, sem þá var látinn, hafði gefið

út til veitingahússins Bakka, er áfrýjendur ráku, en sá víxill var kominn í vanskil. Í öðru lagi átti að lækka yfirdráttarskuldir Bakka hf. við Alþýðubankann hf. Í þriðja lagi átti að greiða upp skuld á tékkareikningi áfrýjandans Bjarna Friðrikssonar í Alþýðubankanum hf. Fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður stefnda því yfir, að yrði fallist á dómkröfur hans, myndi stefndi ekki jafnframt innheimta þær skuldir, er greiða átti með andvirði víxilsins.

III.

Sá víxill, er dómkröfur stefnda byggjast á, fullnægir formskilyrðum fyrsta kapitula víxillaga nr. 93/1933. Hann var afhentur stefnda með eyðuframsali áfrýjandans Braga Sveinssonar. Áfrýjendum hefur eigi tekist að leiða sönnur að því, að víxillinn hafi verið afhentur stefnda með tilteknum skilyrðum, er hann hafi síðar virt að vettugi. Þykir stefndi því vera réttur víxilhafi samkvæmt 1. mgr. 16. gr. víxillaga. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

IV.

Af dómsgerðum má ráða, að skýrslutaka af vitninu Stefáni Þormar Guðmundssyni fyrir héraðsdómi hefur farið úr böndum. Lögmaður stefnanda í héraði, Guðjón Ármann Jónsson héraðsdómslögmaður, lagði hvað eftir annað spurningar sínar fyrir vitnið í löngu máli og með útlistunum, er verða að teljast afar leiðandi. Þessi háttur brýtur í bága við 3. mgr. 133. gr. þágildandi laga nr. 85/1936, sbr. 4. mgr. sömu greinar, sbr. nú 2. mgr. 56. gr. laga nr. 91/1991, og er ámælisverður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bjarni Friðriksson og Bragi Sveinsson, greiði óskipt stefnda, Íslandsbanka hf., málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 11. og 12. janúar 1989. Málið var upphaflega höfðað af Alþýðubankanum hf., kt. 420171-0139, Laugavegi 31, Reykjavík, gegn Bjarna Friðrikssyni, nafnr. 1209-3985, Kaplaskjólsvégi 41, Reykjavík, og gegn Braga Sveinssyni, nafnr. 1414-0085, Skógarlundi 6, Garðabæ. Þar sem Alþýðubankinn hf. hefur nú verið lagður niður og allur rekstur bankans færst yfir til Íslandsbanka hf., tók Íslandsbanki hf. við rekstri málsins, og var nafni málsins breytt til samræmis við það.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 385.000 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisauka-skatts af lögmannspóknun.

Málsástæður.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 385.000 kr., út gefnum í Reykjavík 5. nóvember 1987 af stefnda Braga og samþykktum af stefnda Bjarna til greiðslu 5. febrúar 1988 í Alþýðubankanum hf., Reykjavík, ábektum af útgefanda án afsagnar.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli víxillaga nr. 93/1933 og rekur það skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að stefnandi sé ekki réttur aðili að hinum umstefnda víxli, og beri því að sýkna stefndu af kröfum hans.

Í nóvember 1987 hafi stefndu óskað eftir því, að stefnandi keypti af þeim umstefndan víxil. Farið hafi verið með víxilinn til stefnanda og víxillinn skilinn þar eftir hjá starfsmanni stefnanda, Stefáni Þormar. Ekki hafi orðið af því, að bankinn keypti víxilinn. Í stað þess að skila víxlinum hafi stefnandi haldið honum og sé nú að innheimta víxilinn sem kröfueigandi.

Sé á því byggt, að víxillinn hafi einvörðungu verið skilinn eftir hjá stefnanda vegna beiðni um kaup á víxlinum, en stefnanda hvorki verið afhentur víxillinn sem neins konar trygging eða greiðsla né hafi stefnanda verið falin nokkur innheimtumeðferð á víxlinum. Innheimta stefnanda á víxlinum sé því heimildarlaus með öllu, enda eigi stefnandi ekki víxilinn, heldur stefndu. Hvíli sönnunarbyrði um ætlaða aðild stefnanda að víxlinum á honum sjálfum, en aðildarskortur sé vörn, sem komist að í víxilmáli, sbr. 208. gr. eml.

Af hálfu stefnanda var lögð fram greinargerð, eftir að greinargerð var lögð fram af hálfu stefndu. Þar er því mótmælt, að varnir þær, er fram koma í greinargerð stefndu, komist að í máli þessu, sem rekið sé sem víxilmál. Stefnandi haldi því fram, að vörn stefndu, sem lúti að atvikum við afhendingu á víxli þeim, er stefnt sé til greiðslu á í máli þessu, komist ekki að í málinu vegna ákvæða 17. kafla laga nr. 85/1936. Ekki sé í málinu deilt um formlega heimild stefnanda að víxlinum, enda sé víxillinn fram-seldur eyðuframsali og stefnandi óumdeildur handhafi hans. Sé vörn stefndu því ekki vörn, sem eigi undir 208. gr. laga nr. 85/1936. Fyllyrðingu stefndu þess efnis, að sönnunarbyrði um aðild stefnanda að víxlinum hvíli á honum sjálfum, sé algerlega hafnað, enda víxillinn framseldur eyðuframsali og stefnandi víxilhafi.

Verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, sé dómkröfum stefndu mótmælt á þeim grundvelli, að stefndu hafi ekki sýnt fram á nein þau atvik, er leiði til vafa um réttmæti innheimtu stefnanda á víxlinum. Við afhendingu víxilsins hafi það verið skilningur beggja aðila, að andvirði hans skyldi ganga til lækkunar á skuldum Bakka hf. við stefnanda, en stefndu hafi verið aðaleigendur þess félags, og hafi stefndu sjálfir viðurkennt, að andvirði víxilsins hafi átt að verja til greiðslu á skuldum Bakka hf. við stefnanda. Hafi þeir ekki haldið því fram, að þeir hafi sjálfir persónulega átt að fá andvirðið í hendur. Virðist því kröfur og málatilbúnaður stefndu gersamlega tilhæfulaus og ekki til annars en tefja innheimtu á skuld þeirra samkvæmt víxlinum.

Við munnlegan málflutning bar lögmaður stefndu fram þá málsástæðu, að stefnandi hefði sett greiðslustimpil á bakhlið víxilsins, yfirlýsingu um, að víxillinn væri greiddur.

Af hálfu stefnanda var þessari nýju málsástæðu mótmælt sem rangri og of seint fram kominni.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á víxli, sem er í samræmi við lýsingu hans í stefnu, með formlegri heimild sér til handa, og er víxillinn lögformlegur, sbr. 1. kafla laga nr. 93/1933.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki komið að í máli þessu öðrum vörnum um efni máls en þeim, er greinir í 208. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefndu hafa slíkar varnir ekki komið fram í málinu, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öðru leyti en því, að krafa um bankakostnað er ekki tekin til greina, þar sem fjárhæð hans er ekki tilgreind í kröfugerð.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 109.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til

sölskatts og virðisaukaskatts af lögmannsbóknun í því hlutfalli, sem um getur í kröfugerð. Vextir af málskostnaði dæmast frá 15. degi eftir dóms-
uppsögu til greiðsludags.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.
